



Endurskoðunarnefndir

Morgunverðarfundur 14. október kl. 8.30.

Verkefni endurskoðunarnefnda á fyrsta starfsári

Sif Einarsdóttir

yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte



Hlutverk endurskoðunarnefnda

sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga

- Endurskoðunarnefndir stuðla að góðum stjórnarháttum
- **Einkenni endurskoðunarnefnda:**
 - Gefa skýrslu beint til stjórnar
 - Eru ráðgefandi en eru ekki eftirlitsnefnd
 - Gefur sjálfstætt og hlutlægt álit á endurskoðunarferlinu, innra eftirliti og skýrslugjöf til stjórnar
 - Hlutverk nefndarinnar ræðst af stærð og eðli fyrirtækisins

Hlutverk endurskoðunarnefnda

sbr. lög nr. 3/2006 um ársreikninga

- **Fjárhagsleg- og önnur skýrslugjöf**

- Endurskoðunarnefnd fer yfir eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila. Endurskoðunarnefnd fer yfir ársreikning og ef tilefni er til árshlutareikninga og leggur áherslu á innra eftirlit með reikningsskilaferlinum. Endurskoðunarnefnd fer jafnframt yfir aðrar fjárhagsupplýsingar sem eru birtar af fyrirtækinu.

- **Innra eftirlit og áhættustýring**

- Endurskoðunarnefnd er ábyrg fyrir að fylgjast með stefnu stjórnar um innra eftirlit og áhættustýringu og að tryggja að fyrirtækið hafi innleitt viðeigandi innri eftirlitsþætti til að tryggja þessa þætti í rekstri fyrirtækisins.

- **Endurskoðun**

- Endurskoðunarnefnd gengur úr skugga um að innri og ytri endurskoðun fyrirtækisins sé framkvæmd þannig að nægjanlegt eftirlit sé með skilvirkni ferla til að tryggja að áhættueftirlit fyrirtækisins sé nægjanlegt. Endurskoðunarnefnd fer yfir og metur óhæði endurskoðanda fyrirtækisins og setur fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda.

- **Aðstoð við framkvæmdastjórn**

- Endurskoðunarnefnd aðstoðar stjórnendur við sérstök úrlausnarefni ef þess er óskað.

- **Jafnvægi**

- Hlutverk endurskoðunarnefndar er ekki að sinna eftirliti sjálf heldur á nefndin að fullvissa sig um að til staðar sé kerfi sem tryggir innra eftirlit og áhættustýringu.

Starfsreglur endurskoðunarnefnda

Nauðsynlegt er að stjórn fyrirtækis setji endurskoðunarnefnd starfsreglur

- Starfsreglur ættu að lágmarki að innihalda
 - Tilgang og hlutverk endurskoðunarnefndar
 - Hvernig hún er skipuð og af hverjum, til hversu langs tíma í senn
 - Ábyrgð og vald
 - Hvaða auðlindir/mannafli standa henni til boða
 - Fundartíðni
 - Hverjir sækja skulu fundi
 - Hvernig halda skal fundargerð
 - Sérstakar skyldur nefndarinnar
 - Skilgreining hvaða skýrslum skal skilað til stjórnar og hvenær

Verkefni á fyrsta starfsári endurskoðunarnefnda

- Dæmi um verkefni stjórnar, formanns endurskoðunarnefndar, endurskoðunarnefndar

1. Almenn markmið endurskoðunarnefndar, heimildir, ábyrgð, sérstakar skyldur, auðlindir/mannafla.
2. Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
3. Tilnefna aðila í endurskoðunarnefnd, tilnefna formann nefndarinnar.
4. Ritari endurskoðunarnefndar.
5. Kynning á starfsemi fyrirtækisins, áhættur í rekstri þess, fjárhagsupplýsingar og umhverfi innra eftirlits.
6. Vinnuáætlun endurskoðunarnefndar.
7. Skipulagning og tímasetningar funda nefndarinnar.
8. Drög að árshlutareikningum.
9. Ráðningarbréf ytri endurskoðanda og endurskoðunaráætlun.
10. Drög að ársreikningi.
11. Óhæði ytri endurskoðanda og gæði vinnu.

Verkefni á fyrsta starfsári endurskoðunarnefnda (frh).

- Dæmi um verkefni stjórnar, formanns endurskoðunarnefndar, endurskoðunarnefndar

12. Vinnuferli við gerð reikningssskila, gæði innra eftirlits með reikningssskilum.
13. Gæði áhættustýringar.
14. Fyrirkomulag og virkni innra eftirlits.
15. Innri endurskoðandi, árleg innri endurskoðunaráætlun, verkefni innri endurskoðanda, niðurstöður innri endurskoðunar.
16. Val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki. Ráðning innri endurskoðanda.
17. Fundarboð, formleg fundardagskrá og dreifing viðeigandi fundargagna fyrirfram.
18. Ritun, samþykki og dreifing fundargerða.
19. Árleg skýrsla endurskoðunarnefndar til stjórnar.
20. Mat stjórnar á virkni og gæðum vinnu endurskoðunarnefndar.
21. Árleg yfirferð yfir starfsreglur endurskoðunarnefndar og samsetningu nefndarinnar.
22. Skipuleg skráning ábendinga og athugasemda nefndarinnar, ytri og innri endurskoðenda og viðbrögð stjórnar og stjórnenda við þeim.



Wake up to a new world

Deloitte.

Endurskoðunarnefndir

Morgunverðarfundur 14. október kl. 8.30.

Samskipti endurskoðunarnefnda

og endurskoðenda

Lárus Finnbogason

yfirmaður endurskoðunarsviðs Deloitte



Ytri endurskoðendur & endurskoðunarnefndir



Endurskoðunarnefndir & ytri endurskoðendur.

Lög nr. 3/2006 um ársreikninga, 108. gr. b.

— Um hlutverk endurskoðunarnefndar:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu
- **Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar**
- **Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis**
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki

Endurskoðunarnefndir & ytri endurskoðendur.

- Lög nr. 79/2008 um endurskoðendur, 19. gr.
 - Um óhæði endurskoðenda:

Endurskoðandi einingar tengdrar almannahagsmunum skal á hverju ári:

- staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann sé óháður hinni endurskoðuðu einingu
- greina endurskoðunarnefndinni frá þeirri þjónustu sem einingunni er veitt auk endurskoðunar
- ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun

Endurskoðunarnefndir & ytri endurskoðendur.

Stjórnarhættir fyrirtækja – leiðbeiningar 3. útgáfa, júní 2009
– útgefið af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og
Samtökum atvinnulífsins

- Fyrst og fremst vísað til laga um ársreikninga varðandi hlutverk nefndarinnar
- Leiðbeiningarnar eru yfirgripsmiklar og mjög gagnlegar stjórnendum, þ.m.t. endurskoðunarnefndum

Endurskoðunarnefndir & ytri endurskoðendur.

- Yfirferð (og samþykki) ráðningarbréfs
- Staðfesting á óhæði endurskoðanda
- Yfirferð á annarri þjónustu endurskoðandans – mat á hvort slík þjónusta hafi áhrif á óhæði hans
- Yfirferð á umfangi endurskoðunar
 - þ.m.t. áætlaður tímafjöldi
- Þóknun fyrir endurskoðun
- Tímasetning endurskoðunar
- Yfirferð endurskoðunaráætlunar
- Yfirferð á verkferlum með gerð reikningsskila
- Yfirferð reikningsskila og álitaefni þeim tengd

Endurskoðunarnefndir & ytri endurskoðendur.

- Yfirferð ágreiningsefna milli stjórnenda og endurskoðenda ef við á
- Yfirferð innra eftirlits – veikleikar í innra eftirliti
- Framvinda endurskoðunar, sérstök atriði sem upp hafa komið, aðgengi að gögnum og upplýsingum
- Niðurstaða endurskoðunar
- Upplýsingar frá endurskoðanda til nefndarinnar um breytingar sem varða endurskoðun og reikningsskilareglur og varða eininguna
- Fundur ytri endurskoðenda og endurskoðunarnefndar, án stjórnenda

